

**Ed.**

**849. Lög**

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

**Samhljóða þskj. 719.**

**Ed.**

## **854. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum:

- a. Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.
- b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum.
- c. Rafvélum og áhöldum, raflagningarefni. Skal undir þann flokk aðallega telja: Rafhreyfla, rafala, aðrar rafvélar og rafvélahluta, rafgeyma og rafhlöður, raflampa, glólampa (ljósakútur), rafmæla, rofa og vör (öryggi), raflagnapipur, dósir, tengla og annarskonar búnað raflagna, boglampa, glimlampa, einangrara, hnappa, vökur, spenna (transformatora), strenghólka allskonar, loftskeytataeki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og rítsímaáhöld, eirvir og vafinn vir, snúrur og strengi (kabil) úr eir.

### **2. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu á einstöku vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum.

### **3. gr.**

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölnnar, þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu þegar einkasalan hefst.

### **4. gr.**

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölnnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar, eftir því sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur einkasölnnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær ríkiseinkasölur eða ríkisstofnanir, sem fyrir eru.

Verzlunarhagnaður af einkasölnni rennur í ríkissjóð.

30% af verzlunarhagnaðinum greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðal- aðsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þennan greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Af einkasölum þeim, er settar verða á stofn samkvæmt lögum þessum, greiðist þá og eigi skattur samkv. 2. gr. laga nr. 47 4. júní 1934, um aukaútsvar ríkisstofnana.

**5. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—c og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölnunnar.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ed.**

**855. Tillaga**

til þingsályktunar um skipulagsupprátt Reykjavíkur í sambandi við þjóðleikhúsbýgginguna og Háskóla Íslands.

Flm.: Jónas Jónsson og Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að tryggja það í skipulagi Reykjavíkurbæjar, að ekki verði lagður umferðarvegur þvert yfir háskólalóðina, og að ákveðið verði að gera torg framan við þjóðleikhúsið, milli Hverfisgötu og Laugavegar.

**Greinargerð.**

Komið hefir til mála að gera umferðargötu fram með hinum nýbyggða stúdentagarði, suður að Skerjafirði, en þá yrði skorin sundur háskólalóðin, til mikils tjóns fyrir framtíðarskipulag þeirrar stofnunar.

Þjóðleikhúsið er byggt á þeirri einu lóð á Arnarhólstúni, sem var nógu stór fyrir það, en þykir þar meira innibýrgð heldur en góðu hófi gegnir. Eina ráðið til að bæta úr því er að tryggja það, að timburhús þau, sem nú standa framan við þjóðleikhúsið, milli Hverfisgötu og Laugavegar, verði ekki endurbýggð. Er nauðsynlegt að hafa allstórt torg framan við slíka byggingu, ekki sízt er bærinn stækkar til stórra muna, sem vænta má í framtíðinni.

**Nd.**

**856. Breytingartillögur**

við frv. til l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem eru á aldrinum 65—70 ára, er lög þessi öðlast gildi, skulu þó ekki skyldir að vikja úr stöðum sínum fyrr en þeir eru fullra 70 ára.

2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936.

**Nd.** **857. Lög**  
um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.  
(Afgreidd frá Nd. 17. des.).  
Samhljóða þskj. 825.

**Nd.** **858. Lög**  
um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.  
(Afgreidd frá Nd. 17. des.).  
Samhljóða þskj. 707.

**Nd.** **859. Áfengislög.**  
(Afgreidd frá Nd. 17. des.).  
Samhljóða þskj. 790.

**Ed.** **860. Lög**  
um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum.  
(Afgreidd frá Nd. 17. des.).  
Samhljóða þskj. 685.

**Nd.** **861. Þingsályktun**  
um að auka ljósmagn Vestmannaeyjavítans á Stórhöfða.  
(Afgreidd frá Nd. 17. des.).

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að auka ljósmagn Vestmannaeyjavítans á Stórhöfða fyrir næstu vertíð, svo fljótt sem því má við koma, og sé til þess varið fé af því, sem veitt verður til vitamálna í fjárlögum fyrir næsta ár.

**Ed.** **862. Lög**  
um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.  
(Afgreidd frá Ed. 17. des.).  
Samhljóða þskj. 554.

**Ed.** **863. Lög**  
um gengisviðauka.  
(Afgreidd frá Ed. 17. des.).  
Samhljóða þskj. 823.

**Nd.** **864. Lög**  
um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.  
(Afgreidd frá Nd. 17. des.).  
Samhljóða þskj. 806.

**Nd.** **865. Þingsályktun**  
um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.  
(Afgreidd frá Nd. 17. des.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma upp miðunarstöð í Vestmannaeyjum svo fljótt sem unnt er. Stofnkostnaður greiðist af fé því, sem ætlað er í fjárlögum til byggingar nýrra víta.

**Nd.** **866. Viðaukatillaga**  
við brtt. á þskj. 511 [Ritsima- og talsímakerfi].  
Frá Páli Zóphóniassyni.  
Aftan við till. bætist: með stöð á Þúfum.

**Ed.** **867. Þingsályktun**  
um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar og við vélgæzlu á gufuskipum og mótorskipum.  
(Afgreidd frá Ed. 17. des.).  
Samhljóða þskj. 810.

**Nd.** **868. Breytingartillögur**  
við frv. til l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.  
Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við 1. málsgrein komi: nema ráðherra þyki annar tími á árinu hagkvæmari vegna mannaskipta við störfín.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Alþt. 1934. A. (48. löggjafarþing).

**Ed.**

### **869. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sildarútvegsnefnd, útflutning á sild, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Stofna skal sildarútvegsnefnd, skipaða 5 mönnum og 5 til vara. Sam-  
einað Alþingi kys 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn,  
og einn skal kosinn af sildarútvegs mönnum, eftir reglum, er atvinnu-  
málaráðherra setur. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt.  
Atvinnumálaráðherra skipar formann úr hópi hinna þingkosnu nefndar-  
manna. Kosningin gildir til þriggja ára, en skipun formanns til eins árs.  
Nefndarnænn eða varamenn þeirra skulu allir dvelja á Siglufirði yfir  
sildveiðitímann. Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skip-  
ar þá ráðherra mann í hans stað. Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að  
annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir því sem nauðsyn krefur.  
Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Sildarútvegsnefnd löggildir sildarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og  
löggildingartíma.

Til þess að geta fengið löggildingu sem sildarútflytjandi, skal hlutað-  
eigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunarat-  
vinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að vera  
skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusam-  
lag sildarframleiðenda, opið öllum sildarframleiðendum, enda ráði um-  
sækjandi yfir því lágmarksmagni sildar, er nefndin ákveður.

Nú hefir sölusamlag sildarframleiðenda eða samvinnufélag umráð  
yfir 75% af sildarframleiðslu landsmanna, eða sama hundraðshluta af  
sild, sem verkuð er með sérstakri verkunaraðferð, og getur sildarútvegs-  
nefnd þá ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháan eða hærri  
hundraðshluta af sildarframleiðslunni eða þeirri sérverkuðu sild, er það  
hefir umráð yfir, enda sé þá æðsta vald í félagsmálum hjá félagsfundum  
og atkvæðisréttur félagsmanna miðist eigi nema að nokkru leyti við sild-  
armagn, svo að enginn þeirra geti farið með meira en  $\frac{1}{20}$  af atkvæða-  
magni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra á fundum þess.

3. Við 11. gr. Í stað „2. málsg. 4. gr.“ komi: 3. málsg. 4. gr.

**Nd.**

### **870. Breytingartillögur**

við frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „eina kú“ í 2. málsg. komi: 3000 lítra.

2. Við 6. gr.

a. Í stað orðanna „bæjarstjórn Reykjavíkur“ tilnefnir 1 mann“ komi:  
bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 2 menn.

- b. Í stað orðanna „landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn i nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur vikur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd“ komi: landbúnaðarráðherra skipar 1 mann i nefndina, og er hann formaður hennar. Fulltrúar bæjarstjórnar Reykjavíkur víkja sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og taka þá sæti þeirra fulltrúar tilnefndir á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd.
- c. Í stað síðustu málsgreinar komi:

Þóknun til mjólkursölunefndar og annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr verðjöfnunarsjóði. Þóknunin sé ekki hærri en kr. 10,00 til hvers nefndarmanns fyrir hvern nefndarfund.

**Nd.**

### **871. Breytingartillögur**

við frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma.

Frá Jóni Pálmasyoni og Guðbrandi Ísberg.

1. Við 2. gr. Fyrir „8%“ komi: 6%.
2. Við 4. gr. Greinin falli burt og greinatala breytist skv. því.
3. Við 5. gr., sem verður 4. gr.:
  - a. Á eftir orðunum „3000 lítra ársnytt úr hverri kú“ í 1. málsgr. komi: að frádregnum 1800 litrum hjá hverjum mjólkurframleiðanda til heimilisnota.
  - b. Fyrir „og félag framleiðenda“ í síðasta másl. sömu málsgr. komi: og félag mjólkurframleiðenda innan lögsagnarumdæmis sölustaðar.
  - c. Aftan við greinina bætist: enda sé bændum frjálst að flytja mjólk sína og rjóma til hvers þess mjólkurbús, sem þeir óska, á sama verðjöfnunarsvæði.
4. Við 6. gr.
  - a. Í stað „Alþýðusambands Íslands . . . formann nefndarinnar“ í 3. másl. 1. málsgr. kemur: Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann, félag mjólkurframleiðenda innan bæjarfélags, þar sem aðalsala fer fram, tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 1 mann i nefndina, og skal hann vera formaður nefndarinnar.
  - b. Á eftir „bæjarstjórn eða hreppsnefnd“ í næstsíðasta másl. sömu málsgr. komi: Sama gildir um þá fulltrúa, sem mjólkurframleiðendur tilnefna, að þá taka sæti fulltrúar frá tilsvarendi aðilum.
  - c. Síðasta málsgr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir borgun til formanns nefndarinnar, en annar

nauðsynlegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af verðjöfnunarsjóði.

5. Við 7. gr.

a. Á eftir a-lið kemur nýr liður, sem verður b-liður, svo hljóðandi:

Að ákveða á hverjum tíma útsöluverð mjólkur og mjólkurafurða á hverjum sölustað, sem lögin ná til. Skal söluverð reiknað út eftir verðvísitölum í samræmi við framleiðslukostnað, eftir því sem við má koma. Séu nánari ákvæði sett um það í reglugerð, eftir tillögum mjólkursölunefndar.

b. b-liður verði c-liður, c-liður verði d-liður og d-liður verði e-liður.

c. e-liður falli burt.

6. Við 15. gr. 2. málsg. falli burt.

7. Ákvæði um stundarsakir falli burt.

**Ed.**

**872. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög].

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta var flutt snemma á þingi og mun hafa verið með fyrstu frv., er þingmenn báru fram. Landbúnaðarnefnd hefir sent frv. Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar, og hefir Búnaðarfélagið mælt með því, að frv. yrði samþykkt. Þá samþykkti meiri hl. nefndarinnar að senda frv. ráðuneytinu til umsagnar, en umsögn þess er ókomin enn. Sér minni hl. því ekki fært að biða lengur eftir því, að nefndin í heild sinni taki afstöðu til málsins, og gefur út sérstakt minnihlutaálit.

Í frv. felast þessar breytingar helztar frá því, sem nú er í lögum:

Styrkur fyrir safnþrær, framræslu og matjurtagarða hækkar um 50 aura á dagsverk. Styrkur til votheystófta hækkar úr 50 aurum upp í 2 kr. á dagsverk. Styrkur til hlöðubygginga hækkar um 50 aura á dagsverkið, og eru jafnframt rýmkuð skilyrði fyrir styrkveitingunni, þannig að bændur fái einnig styrk fyrir hlöður úr öðru efni en steinsteypu, ef þær eru gerðar eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur um tilhögun og frágang bygginganna.

Þá eru í frv. m. a. ákvæði um hækkun á styrk til kaupa á jarðræktarvélum, og loks ákvæði í þá átt, að leiguliðar á þjóðjörðum og kirkjujörðum njóti tilsvarandi hækkunar á þeim jarðabótum, er ganga til greiðslu eftirgjaldsins.

Minni hlutinn telur þær breytingar, sem í frv. felast, taka einmitt til þeirra umbóta á jörðunum, sem mest nauðsyn er á að hvetja bændur betur en nú til að vinna, til þess að búreksturinn fái orðið ódýrari og gefið meiri og vissari arð.

Eftir útreikningi Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra nemur útgjaldaauki skv. frv. um 50 þús. kr. á ári. Og hefir meiri hluti nefndarinnar



ekki fært aðrar ástæður gegn frv. en að eigi hafi verið séð fyrir tekjuauka til að standast þessi útgjöld. En þing þetta hefir nú þegar afgreitt eða er að afgreiða frumvörp um tekjuauka, sem mun nema samtals um tveimur milljónum króna. Og virðist þá ekki ósanngjarnt, að  $\frac{1}{40}$  hluta þess tekjuauka a. m. k. sé varið til þess að styrkja bændur landsins lítið eitt betur en nú er, til þess að geta dregið úr kaupum erlends áburðar og tryggt betur afrakstur ræktaða landsins og varðveitt hann sem auðið er frá efnarýrnun.

Fái núverandi þingmeirihluti eigi séð sér fært að verja  $2\frac{1}{2}\%$  af hinni nýju tekjuviðbót til þessa, þá hefir ríkisstjórnin þau ráð í hendi, að færa laun gamalla og nýrra starfsmanna ríkisins, sem eru utan launalaga, meir til samræmis við laun þeirra starfsmanna, er taka laun samkvæmt launalögum. En þau laun lækka nú allmikið við það, að dýrtíðaruppbót fellur niður, nema af lægstu laununum. Mundi við það sparast a. m. k. sem nemur þeim útgjaldaauka, er frv. þetta hefir í för með sér. En vilji nú stjórnin eða þingmeirihlutinn hvoruga þessa leið fara, þá hefir með breytingartillögu við frv. til laga um bráðabirgðafrestun nokkurra laga verið bent á leið til að standast þessi útgjöld.

Minni hlutinn fær því ekki lítið svo á, að ástæður meiri hlutans gegn frv. hafi við gild rök að styðjast. Fáir bændur geta gert þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, án aðkeyptrar vinnu. Er þá á það að líta, að almennt kaupgjald í sveitum hefir nú víðast hækkað sem nemur öllum þeim styrk, sem veittur er á jarðabótadagsverkið, og sumstaðar miklu meira. Er því þörfin enn brýnni, að tekið sé tillit til þessa í styrkveitingum til jarðabótanna, og þá eigi sízt þeirra, er hér um ræðir og mest riður á.

Minni hlutinn leggur því eindregið til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1934.

Þorsteinn Briem,  
frsm.

Pétur Magnússon.

**Nd.**

### **873. Nefndarálit**

um frv. til laga um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað í málinu, eins og greint er á þskj. 697, og telur minni hl., að frv. þetta hafi fullan rétt á sér og að mikil þörf sé á því í viðskiptum landsmanna eins og nú er komið, að gerð sé alvarleg gangskör að því, að stemma stigu fyrir söfnun verzlunarskulda, og mikilvæg spor í þá átt yrðu ákvæði þessa frv., ef að lögum yrðu. Það er ómótmælanlegt, að stuttur fyrningarrestur á þessum skuldum mundi reisa nokkrar skorður við verzlunarskulda-farganinu og, í sambandi við bannið við vaxtatöku, sem og er lagt til að verði lögleitt með frv., verða öruggasta ráðið til þess að ná því takmarki að fullu, að slík skulda-

söfnun geti ekki átt sér stað til langframa. Hitt er annað mál og eðlilegt, að hvorki sé rétt eins og ástatt er, né heldur kleift að sporna við því að fullu og öllu, að viðskiptamenn skuldi við verzlun eða fyrir úttekt um styttra tímabil, enda gerir frv. ráð fyrir þessu og setur í því skyni fyrningarfrestinn 2 ár, sem með vissu er fullriflegt.

Umsagnir þær, sem nefndin hefir aflað sér hjá nokkrum aðilum hér í Rvík og prentaðar eru með nál. meiri hl., geta ekki skorið úr um það, hver eigi að verða örlög þessa frv. Að visu viðurkennir Verzlunarráðið o. fl. góðan og réttmætan tilgang frv., og fer m. a. um það þessum orðum: „Af frumvarpinu sjálfu, svo og greinargerð þeirri, er því fylgir, má glögglega sjá, að frá hendi flutningsmanna ber að skoða það sem tilraun til að koma á almennari staðgreiðslu í viðskiptum en hingað til hefir verið, þ. e. skuldlausri verzlun. Með réttu er á það bent í greinargerðinni, að lánsviðskipti þau, sem hér hafa tíðkæzt, eru búskap og atvinnulífi þjóðarinnar mjög til boga. Verzlunarráðið telur og brýnustu þörf á, að hafizt verði handa og unnið að því að koma þessari hlið viðskipta okkar á traustari og heilbrigðari grundvöll. Að þessu leyti aðhyllist Verzlunarráðið þá hugmynd flutningsmanna, að stefnt sé að almennri staðgreiðslu í verzlun og viðskiptum hér á landi“. — Og að lokum segir það beinlínis, að „hugmynd sú, sem vakað hefir fyrir flutningsmönnum, sé fyllilega viðurkennd“. — En hvorki Verzlunarráðið né hinir aðrir spurðu aðilar (Landsbankinn, Útvegsbankinn og S. Í. S.) vilja þó leggja með því, að frv. verði samþykkt af Alþingi, og að því ráði hefir og hv. meiri hl. allshn. horfið. En hitt er þó eigi að síður mjög athyglisvert, að allmargir þeirra, sem undir því ástandi lifa, sem hefir gefið tilefni til framkomu þessa frv., óska eftir slíkum ákvæðum, og eru þar á meðal ýmsir, sem verzlun reka við almenning. Þá má og enn benda á það, sem getið er í grg. frv., að bændastéttin, sem slæma útreið hefir nú fengið af skuldafarganinu, er hlynnt þeim hömlum, sem hér er gert ráð fyrir að reistar verði við áframhaldandi söfnun þessara illræmdu skulda, svo sem vottar ályktun hins almenna bændafundar í Rvík í fyrra vetur, þar sem ótvírætt var hallazt að öllum ákvæðum frv. eins og það nú er borið fram. — Hitt mátti vita, að S. Í. S. t. d. myndi eigi telja rétt að lögleiða umræddar hömlur, og bankarnir virðast, reyndar að óþörfu, vera hræddir um, að lánsviðskiptin færast unnvörpum yfir á þá, en í þeirra valdi stendur að hafa þar nægilega hönd í bagga, alveg eins og við lántökur almennt, og því engin meiri hætta á ferðum, þótt frv. yrði að lögum, en hingað til hefir verið. Má og segja, að bankar eigi að vera lánastofnanir, en ekki verzlunir. En afleiðing af samþykkt frv. ætti, og jafnvel hlyti, að verða sú, sem og er bent til í grg., að komið yrði á rekstrarlánastofnunum í héruðum, sem flestir viðurkenna, að hin mesta þörf sé á, og gæti það því orðið hin öflugasta hvatning til þess að hrinda þeirri framkvæmd áleiðis, sem sveitabankalögin 1930 ætlast til að gerð sé, þótt dregizt hafi fram að þessu.

Það má vel vera, að ákvæði frv. þurfi að einhverju leyti gleggri ákvörðunar, og eins skal það viðurkennt, að viðeigandi væri að bæta inn í frv. ákvæði um greiðari gang hinna smærri skuldamála fyrir dómstólunum, þeirra er stafa af verzlunarskuldum.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Við gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú skuldar viðskiptamaður við verzlun um áramót eigi minna en við næstu áramót á undan, og skal þá talið, að öll eldri skuldin standi ógreidd, án tillits til þess, þótt skuld hans hafi einhverntíma á árinu numið minna. Hafi skuld viðskiptamanns hinsvegar lækkað, skal á sama hátt telja greitt af gömlu skuldinni aðeins það, sem lækkuninni nemur.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein (sem verði 4. gr., og breytist greinatalan eftir því):

Í málum út af verzlunarskuldum, sem rekin eru fyrir gestarétti samkv. lögum nr. 59 10. nóv. 1905, skal dómara skylt við fyrstu fyrirtekt málsins, ef eigi verður af sætt milli aðilja og skuldarupphæðin nemur eigi meira en 500 kr., að leggja þegar dóm á kröfuna, svo framarlega sem stefnandi getur sýnt af verzlunarbókum sínum, löglega færðum, að hin umstefnda skuld sé ógreidd, enda verði þeim gögnum eigi hnekkkt með gildum rökum að áliti dómarans.

3. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin orðist svo:

Frv. til laga um fyrning verzlunarskulda, vaxtatöku af verzlunarskuldum o. fl.

Alþingi, 15. des. 1934.

Garðar Þorsteinsson.

**Nd.**

## **874. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

6. gr. laganna orðist svo:

Allt smjörliki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum mjólkursölunefndar, ákveðið, að í öllu smjörliki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er að blanda erlent smjörliki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörliki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku smjörlikisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefir fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlikis með smjöri, má ekki verzla með smjörliki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefir verið birt, má ekki verzla með smjörliki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingu.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þessarar greinar, eftir því sem þurfa þykir.

**Sb. 875. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

**I. Frá Jakob Möller.**

Við 14. gr. XXII (Íþróttasamband Íslands).

a. Fyrir „5000“ komi ..... 11000

b. Aftan við liðinn komi athugasemd:

Þar af 6000 kr. til undirbúnings þátttöku íslenzkra íþróttamanna í olympisku leikjunum 1936.

**II. Frá Gunnari Thoroddsen og Magnúsi Jónssyni.**

Við 15. gr. 32. Nýr liður:

Til Tómasar Guðmundssonar skálds ..... 1200

**III. Frá Þorsteini Briem.**

Við 16. gr. 31. (Halldór Pálsson).

a. Í stað „1000“ komi ..... 1500

*Til vara* ..... 1200

b. Nýr liður:

Til Ingólfs Davíðssonar kandidats í grasfræði, styrkur til búnaðarháskólanáms í plöntusjúkdómafræði ..... 1000

*Til vara* ..... 800

**Ed. 876. Breytingartillaga**

við frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við fyrirsögnina. Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um markaðs- og verðjöfnunarsjóð fiskjar.

**Ed. 877. Lög**

um samþykkt á landsreikningnum 1932.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 3.

**Ed. 878. Lög**

um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 797.